

Reykjavík, 24. Október 2019

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Umsögn Landssambands eldri borgara tillögu til þingsályktunar um staðgreiðslu við innborgun iðgjalda til lífeyrissjóða, 25. mál

Tillaga flutningsmanna felur í sér að semja skuli frumvarp til laga um að skattleggja beri innborgun iðgjalda til lífeyrissjóða en ekki lífeyrir við útgreiðslu til sjóðfélaga.

Í langflestum ríkjum innan OECD tíðkast sú regla að iðgjöld sjóðfélaga eru undanþegin skattlagningu við innborgun en lífeyririnn er hins vegar skattlagður, eins og hverjar aðrar launatekjur. Á sama hátt greiða lífeyrissjóðirnir ekki fjármagnstekjuskatt. Á ensku heitir þetta kerfi EET(Exempt-Exempt-Taxed), sem m.a. gildir hér á Íslandi. Sjá einnig meðfylgjandi tengil: <https://stats.oecd.org/glossary/detail.asp?ID=5225>

Landssamband eldri borgara sér enga gilda ástæðu að breyta þessu fyrirkomulagi, sem reynst hefur vel og er samræmt milli flestra ríkja innan OECD, eins og áður segir. Því er ekki mælt með samþykki þessarar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands eldri borgara

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Formaður

